

Fundargerð 141. fundar skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík

141. fundur skólanefndar haldinn á kennarastofu á 2. hæð í Casa Nova fimmtudaginn 8. mars 2012 kl. 12:15

Mætt; Ólafur Þ. Stephensen, rektor, Sveinn Andri Sveinsson, Dögg Prooppé Hugosdóttir, Sigríður Laufey Jónsdóttir og Borgar Þór Einarsson.

1. Námsleyfi rektors

Formaður greindi frá því að rektor færi í námsleyfi á næsta skólaári. Fyrir liggur að konrektor hefur beðist undan því að leysa rektor af vegna persónulegra aðstæðna. Samþykkt að fela rektor í samráði við formann að gera tillögu um aðila til að gegna stöðu rektors tímabundið á meðan á námsleyfi rektors stendur. Samþykkt að óska eftir því við ráðuneytið að það staðfesti að ekki sé nauðsynlegt að auglýsa stöðuna.

2. Önnur mál.

Rætt um fjárhagsstöðu skólans og þær mjög svo þröngu skorður sem honum eru settar. Lagði rektor fram yfirlit yfir rekstraráætlun, greinargerð með endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2012 og bréfaskipti við ráðuneytið

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55

Ólafur Þ. Stephensen (sign)

Yngvi Pétursson (sign)

Dögg Prooppé Hugosdóttir (sign)

Sigríður Laufey Jónsdóttir (sign)

Sveinn Andri Sveinsson (sign)

Borgar Þór Einarsson (sign)